

Reglur Mosfellsbæjar um veitingu launalausra leyfa

1. Umsókn um launalaust leyfi skal afhent forstöðumanni á þar til gerðu eyðublaði og studd viðeigandi gögnum. Umsókn um launalaust leyfi til lengri tíma en þriggja mánaða skal berast að minnsta kosti sex mánuðum áður en áætlað leyfi mun hefjast. Umsókn um launalaust leyfi til styttri tíma (tólf vikur eða minna) skal berast að minnsta kosti sex vikum áður en áætlað leyfi mun hefjast.
2. Til að geta sótt um launalaust leyfi til lengri tíma en þriggja mánaða þarf starfsmaður að hafa unnið í að minnsta kosti fimm ár hjá Mosfellsbæ. Til að geta sótt um launalaust leyfi til skemmri tíma en þriggja mánaða þarf starfsmaður að hafa unnið hjá bænum í eitt ár. Undanskilin er umsókn um foreldraorlof, en hægt er að sækja um það eftir að hafa starfað samfellt hjá Mosfellsbæ í sex mánuði eða lengur.
3. Framkvæmdastjórar og forstöðumenn hafa heimild til að veita launalaust leyfi til allt að tólf mánaða en meginreglan er sú að ekki er veitt launalaust leyfi til lengri tíma. Í undantekningartilvikum er hægt að sækja um framlengingu á tólf mánaða leyfi til bæjarráðs sem tekur ákvörðun um hvort framlenging skuli heimiluð.
4. Bæjarstjóri hefur heimild til að veita framkvæmdastjórum launalaust leyfi í fjórar vikur eða skemur. Bæjarstjórn tekur ákvörðun um leyfisveitingu framkvæmdastjóra eigi leyfið að standa lengur en einn mánuð.
5. Launalaust leyfi er einungis veitt ef til þess liggja ríkar ástæður sem starfsmaður tilgreinir skriflega í umsókn sinni. Þar gæti meðal annars verið um eftirfarandi viðmið að ræða:
 - a. Sérstakar fjölskylduástæður.
 - b. Nám sem nýtist í starfi.
 - c. Starf í þágu stéttarfélags.
 - d. Ef starfsmanni stendur til boða að ráða sig í starf sem augljóslega kemur viðkomandi til góða í starfi sínu hjá Mosfellsbæ að leyfi loknu.
 - e. Leyfi til skemmri tíma í kjölfar fæðingarorlofs.
 - f. Foreldraorlof (lögbundinn réttur til töku ólaunaðs orlofs í allt að fjóra mánuði fram að átta ára aldri barns, sjá nánar VII. kafla laga nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof).
 - g. Aðrar ástæður sem forstöðumaður metur gagnlegar fyrir viðkomandi stofnun.
6. Alla jafna er ekki veitt launalaust leyfi ef starfsmaður hyggst ráða sig í annað starf sem tengist ekki starfi viðkomandi hjá Mosfellsbæ.
7. Sama starfsmanni skal ekki veitt launalaust leyfi til lengri tíma aftur nema liðin séu minnst fimm ár frá veitingu síðasta leyfis.

8. Framkvæmdastjóri, forstöðumaður eða eftir atvikum bæjarráð hefur allt að 30 daga til að svara umsókn um launalaust leyfi eða beiðni um framlengingu. Ef um er að ræða starfsmann í grunnskóla þarf umsókn um námsleyfi og/eða framlengingu á námsleyfi að hafa borist fyrir 1. mars og beiðnum skal svarað fyrir 1. apríl.
9. Starfsmaður sem fengið hefur launalaust leyfi í níu mánuði eða lengur skal láta forstöðumann vita með fjögurra mánaða fyrirvara hvort hann hyggist koma aftur til starfa að leyfi loknu eður ei. Ef starfsmaður hyggst láta af störfum eftir leyfið þarf hann að senda inn skriflega uppsögn að minnsta kosti þremur mánuðum áður en leyfinu lýkur.
10. Leyfisumsókn fær málsnúmer í skjalakerfi og skulu öll frumrit vistuð í skjalageymslu. Afrit afgreiddrar umsóknar skal vistuð undir nafni starfsmanns í mannauðskerfi.
11. Ef afleysingarstarfsmaður er ráðinn í stað þess sem fer í leyfi fær viðkomandi tímabundna ráðningu sem lýkur án uppsagnar við lok ráðningartímabils.
12. Í launalausum leyfi falla niður samningsbundin réttindi, svo sem launauppbætur, slysatryggingar og veikindaréttindi.
13. Ef umsókn um launalaust leyfi felur í sér frávík frá þessum reglum skal umsóknin lögð fyrir bæjarráð sem starfsmannaráð til endanlegrar afgreiðslu.